

Ákvörðun nr. 18/2022
Þriðjudagur, 2. ágúst 2022

Kaup Arnarlax hf. á hlutafé í Eldistöðinni Íspór hf.

1. Þann 27. júní 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Arnarlax hf. („**Arnarlax**“) á 50% hlutafjár í Eldisstöðinni Íspór hf. („**Íspór**“) af Fiskeldi Austfjarða hf. („**Fiskeldi Austfjarða**“).
2. Í samrunaskránni kom fram að hún væri tekin saman í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Töldu aðilar að skilyrði e-liðar 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga væru uppfyllt, þ.e. að aðili sem áður hafði yfiráð yfir fyrirtæki ásamt öðrum nær fullum yfiráðum yfir því.
3. Þá sagði að fyrir viðskiptin hefðu yfiráðin yfir Íspór verið sameiginleg milli Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða, sem eins og áður segir ættu hvor um sig 50% hlutafjár. Að viðskiptunum frágengnum myndi Arnarlax, eitt og sér, fara með yfiráð yfir Íspór. Viðskiptin myndu þannig leiða til breytinga á yfiráðum yfir Íspór, sbr. ákvæði 17. gr. samkeppnislaga.
4. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi samrunaaðila sé eftirfarandi:
5. Arnarlax er í eigu Icelandic Salmon AS, sem er skráð á Euronext Growth Oslo. Endanleg yfiráð eru í höndum Kvarv AS. Arnarlax er laxeldisfyrirtæki sem er staðsett á Vestfjörðum á Íslandi.
6. Íspór rekur eldisstöð fyrir laxa- og silungaseiði í Þorlákshöfn.

Sjónarmið samrunaaðila

7. Varðandi markaði málsins þá kom fram af hálfu samrunaaðila að markaður málsins væri talinn markaðurinn fyrir eldi og frumvinnslu á laxi ræktuðum innan EES-svæðisins, en innan þess markaðar er eldislax frá Íslandi, Noregi og Færeyjum. Samrunaaðilar legðu til grundvallar að landfræðileg afmörkun þess markaðar væri Evrópa.
8. Samrunaaðilar tóku fram að hugsanlega mætti færa rök fyrir því að markaðinum fyrir eldi og frumvinnslu á laxi megi skipta niður í undirmarkaði, eftir ólíkum þrepum virðisikeðjunnar. Þó teldu þeir ekki tilefni til slíkra þrengri markaðsskilgreininga í þessu máli. Ástæður þess væru einkum tvíþættar. Í fyrsta lagi væri ekki þörf á svo nákvæmum skilgreiningum markaða vegna eðlis þess samruna sem hér væri til umfjöllunar, þar sem sameiginleg yfiráð tveggja aðila færast í hendur annars þeirra, í þeim tilgangi að ná fram hámarksnýtingu og draga úr áhættu. Í öðru lagi, þá mætti líta til þess að hingað til hafa samkeppnisyfírvöld hér á landi ekki skilgreint sérstaka undirmarkaði með þessum hætti, sbr. ákvörðun SE í máli nr. 27/2021. Að mati þeirra væri rétt að líta svo á að seiðaeldi væri hluti af markaðinum fyrir eldi og frumvinnslu á laxi. Þannig hafa eldisfyrirtæki almennt með höndum seiðarækt fyrir eigin framleiðslu, enda skipti það eldisfyrirtæki máli að hafa stjórn á seiðaræktun til að hafa fulla stjórn á gæðum framleiðslu sinnar og skipulagningu ræktunar með sem hagkvæmustum hætti. Kaup og sala á seiðum milli þriðju aðila væri þannig almennt aðeins tilfallandi, eftir því hvort fyrirtæki hafa framleitt aðeins



of mikið eða of lítið til að mæta eigin þörfum. Tilkynnandi vissi ekki til þess að neinn aðili héraendis rækti seiði einungis til sölu til þriðju aðila.

9. Í samrunaskrá kemur líka fram að með kaupunum yrðu samrunaaðilum kleift að einbeita sér frekar að aukinni þyngd seiða áður en þau eru sett í sjó. Með því áætla þeir að það náist fram betri nýting á hámarkslífmassa samkvæmt útgefnum leyfum, auk þess sem dregið yrði úr líffræðilegri áhættu með auknum sveigjanleika á því hvenær lax yrði settur í sjó og styttingu á heildartíma sem laxinn þyrfti að vera í sjó.
10. Samrunaaðilar telja að viðskiptin muni hafa takmörkuð áhrif á samkeppni. Önnur fiskeldisfyrirtæki sem eru með starfsemi á Íslandi hafa byggt upp sitt eigið seiðaeildi og hafa í sumum tilfellum haft framboð umfram eigin þarfir, og hafa því í einhverjum tilfellum selt seiði til annarra. Væri gert ráð fyrir að þessi viðskipti muni ekki hafa sérstök áhrif á það fyrirkomulag.
11. Í samrunaskrá segir að leyfi séu hér á landi fyrir um 28.000 tonnum af seiðaeildi og af þeim eru um 8.900 tonn í hreinum seiðaeildisstöðvum. Umræddar seiðaeildisstöðvar séu í flestum tilfellum reknar af fiskeldisfyrirtækjum með það í huga að nota mest alla framleiðslu stöðvanna í eigin laxeldisstarfsemi, en umframmagn hafi verið selt til annarra aðila. Sem dæmi þá hafi Arctic Smolt í einhverjum tilfellum selt seiði til Arnarlax og Háafells. Þá verði að hafa í huga að seiðaeildisstöðvar geta selt seiði til eldis bæði á landi og í sjó. Þannig gæti Samherji eða Landeldi ehf. t.d. selt seiði til Arnarlax, eða annarra sem stunda eldi í sjó. Þá segir að keppinautar þeirra, þ.e. Ice Fish Farm AS, sem sé eignarhaldsfélagið utan um hluti í Fiskeldi Austfjarða hf., munu fá seiði í sína eldisstarfsemi frá seiðaeildisstöðum við Rifós og í Þorlákshöfn. Ice Fish Farm AS hafa gefið í skyn að sala þeirra á hluta sínum í Ísþór muni ekki hafa áhrif á áætlanir þeirra til framtíðar.
12. Með vísan til þessa telja samrunaaðilar að viðskiptin muni ekki raska samkeppni. Þá hafa viðskiptin í för með sér þau jákvæðu áhrif að tilkynnandi getur einbeitt sér frekar að aukinni þyngd seiða, sem hefur bæði í för með sér að tilkynnandi nær fram betri nýtingu á leyfum og dregið er úr líffræðilegri áhættu og gerir tilkynnanda betur í stakk búinn til að keppa með virkum hætti á markaðinum fyrir eldi og frumvinnslu á laxi ræktuðum innan EES-svæðisins.

Markaður málsins

13. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2021 var það mat eftirlitsins að vörumarkaður málsins væri markaður fyrir sjókvíeldi og frumvinnslu á Norður-Atlantshafslaxi með tilteknum fyrirvörum, m.a. um að íslenskur lax kunni að tilheyra sérstökum markaði sem sé aðskilinn frá öðrum Norður-Atlantshafs eldislaxi og að til stæðu rök að skilgreina sérstakan markað fyrir viðskipti og ráðstöfun leyfa til sjókvíaeildis við Íslandsstrendur. Jafnframt var tekið fram að markaðurinn fyrir sjókvíaeildi og frumvinnslu á laxi nái til stærra landsvæðis en Íslands. Í ákvörðuninni kom ekki fram hvort seiðaeildi tilheyrði eða tilheyrði ekki framangreindum vörumarkaði.
14. Kemur þá til skoðunar hvort til staðar sé sérstakur markaður fyrir seiðaeildi. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.3722 Nutreco/Stolt-Nielsen/Marine Harvest JV frá árinu 2005 var tekið til skoðunar hvort til staðar væri sérstakur markaður fyrir seiðaeildi. Í ákvörðuninni kom fram að til staðar væru seiðaeildisstöðvar sem ræktuðu seiði til að selja þriðju aðilum, en að meirihluti seiða væru framleidd af lóðrétt samþættum eldisfyrirtækjum til eigin notkunar. Þá var tekið fram að þar sem framleiðsla seiða krefðist skipulagningar vegna ræktunarferlisins og að það væri erfitt fyrir eldisfyrirtæki að áætla magn með nákvæmum hætti. Þetta leiddi til þess að lóðrétt samþættu eldisfyrirtækin ýmist kaupa eða selja eitthvað magn seiða, eftir því hvort þeir hafi framleitt of mikið eða of lítið af seiðum til að mæta eigin þörfum. Taldi framkvæmdastjórnin að ekki væri hægt að útiloka að til staðar væri sérstakur markaður



fyrir framleiðslu og sölu á seiðum, en ekki var talin þörf á að taka endanlega afstöðu til þess vegna viðkomandi máls. Þessi sjónarmið endurómuðu svo í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli nr. M.6850 Marine Harvest/Morpol frá árinu 2014.

15. Að virtum fyrirliggjandi upplýsingum í samrunaskrá og með vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að hafa megi hliðsjón af umfjöllun samrunaaðila um markaði við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar á mörkuðum málsins, eins og hér stendur á.

Mat á samkeppnislegum áhrifum

16. Taka þarf þá til skoðunar hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. ákvæði 17. gr. c. samkeppnislaga. Með þessum samruna er sameiginlegri starfsemi keppnauta í gegnum sameign á félagi að ljúka með þeim hætti að einn keppnautur heldur áfram þessari tilteknu starfsemi, án þess að starfsemi hins keppnautsins raskist. Ekki verður séð af gögnum málsins að með kaupunum fylgi sérstakar samkeppnishindranir til framtíðar.
17. Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða haggaaðila á markaði sem gerðu ekki athugasemdir við þennan tiltekna samruna.
18. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins miðað við fyrirliggjandi gögn að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. ákvæðum 17. gr. c. samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð

„Kaup Arnarlax hf. á hlutafé í Eldistöðinni Íspór hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson